

| | |
|------------|---------------------------|
| Tillaga | A 1976/UHN |
| Flytjandi | Flokkahópur jafnaðarmanna |
| Afgreiðsla | Norræna sjálfbærnefndin |

Þingmannatillaga um norrænt samstarf um að tryggja vindorku í Eystrasalti

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að kortleggja vænlegustu staðsetningar hafvindorkuverkefna óháð landamærum
- að skapa tilfallandi kapal tengingar við hafvindorkuverkefni
- að tryggja eftirlit með skemmdarverkum á kapal tengingum við hafvindorkuverkefni
- að bjóða Eystrasaltsríkjunum að taka þátt í að móta sameiginlega heildaráætlun um orkuframleiðslu og -flutninga í Eystrasalti

Bakgrunnur

Samkvæmt Marienborgaryfirlýsingunni á að sjöfalda vindorku á hafi í Eystrasalti. Vindorkan stuðlar að endurnýjanlegri orku og grænum umskiptum, sem er jákvætt í baráttunni gegn hnattrænni hlýnun og loftlagsbreytingum. Um leið stuðlar vindorka að orkuöryggi á tímum er verðlagning jarðefnaeldsneytis er notuð sem tæki til að skaða samfélög okkar.

Slíkar orkuauðlindir skapa möguleika á aukinni orkuframleiðslu og tækifæri til að framleiða vetni og annað jarðefnalaust eldsneyti. Norrænu löndin hafa ólíka reynslu af vindmyllugörðum á hafi og þeim áskorunum sem þeim fylgja. Þar sem markmið okkar fyrir hafvindorkuframleiðslu eru háleit ber okkur einnig skylda til að minnka neikvæðar umhverfislegar afleiðingar mannvirkja og starfsemi á vistkerfi Eystrasaltsins að því marki sem unnt er. Hætta er á því að löndin samræmi ekki landsbundin markmið sín og slíkt hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir lífríki í Eystrasalti – hafið, fisk, fugla og dýr.

Til að þessi öfluga uppbygginga vindorkuvera í Eystrasalti gangi sem greiðlegast fyrir sig þurfa norrænu ríkin og Eystrasaltsríkin að búa til heildaráætlun um orkuframleiðslu og -flutninga í Eystrasalti. Það væri þess vegna verðmætt að hafa sameiginlega áætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um þróun vindorku á hafi og áhrif hennar á viðkvæmt umhverfi Eystrasaltsins og aðra þætti á borð við varnarmál, samgöngur, fiskveiðar og öryggi, sem og vernd mikilvægra innviða.



Osló, 30. október 2023

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)
Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Eva Lindh (S)
Heléne Björklund (S)
Henrik Møller (S)
Jani Kokko (sd)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Kim Berg (sd)
Kim Aas (S)

Lars Mejern Larsson (S)
Malin Larsson (S)
Malte Larsen (S)
Maria Durhuus (S)
Mats Wiking (S)
May Britt Lagesen (A)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per Husted (S)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)
Åsa Karlsson (S)